



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

### **Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við bæklingsum uppbyggingu íbúða**

Á fundi borgarráðs þann 16. nóvember sl. lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Í dag barst íbúum á höfuðborgarsvæðinu bæklingsum um uppbyggingu íbúða í borginni. Kostnaður við útgáfu bæklingsins árið 2022 nam um 15 milljónum króna með virðisaukaskatti. Óskað er upplýsinga um kostnað við útgáfu bæklingsins árið 2023, þar með talið allan kostnað við umsjón og ritstjórn, hönnun og umbrot, prentun og dreifingu, auk annars sem til fellur við vinnslu bæklingsins.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 17. nóvember sl.

#### **Svar:**

Upplýsingarit um uppbyggingu íbúða í borginni 2023 var unnið af almannatengslafyrirtækinu Athygli ehf. en Ritform ehf. sá um hönnun og umbrot. Ritstjórnarvinna fór fram innan atvinnu- og borgarþróunarteymis á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara auk þess sem samráð var haft innan starfshóps um húsnæðisáætlun. Upplag ritsins var 59.100 eintök. Stærð blaðs 64 bls., A4 í lit. Blaðið var prentað hjá Ísafoldarprentsmiðju og prentað á umhverfisvænan pappír. Beinn kostnaður við útgáfu upplýsingaritsins var 13.887.500 kr. fyrir utan virðisaukaskatt og skiptist hann á eftirfarandi hátt:

1. Vinna Athygli var samtals 5.166.800 kr. án vsk. Undir þessum lið er umsjón og ritstjórn, efnis- og myndöflun, textaskrif, uppsetningarvinna með umbrotsmanni, leiðréttingar, frágangur og fundir/samskipti við verkkaupa og aðra.
2. Ritform ehf. sá um hönnun og umbrot. Samtals 1.635.000 kr.
3. Prentun á 59.100 eintökum skv. tilboði frá Ísafold prentsmiðju. Samtals 4.127.700 kr.



Reykjavíkurborg

4. Dreifing á höfuðborgarsvæðinu skv. tilboði Póstdreifingar. Samtals 2.958.000 kr.

Ekki var farið í útboðsferli fyrir einstaka liði enda fóru þeir ekki yfir viðmið um útboð og verðfyrirspurn.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgaritari